



Fannborg ehf.,
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
postur@for.is

Kerlingarfjöllum 02.12.18

Varðar: Umsögn um „Stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum“

Fyrir hönd Fannborgar ehf, leyfir undirritaður sér að koma með eftirfarandi hugleiðingar og athugasemdir við ofangreinda stefnu, sem kynnt var á samráðsgátt stjórnvalda 09.11.2018, sjá eftirfarandi krækju: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1226](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1226)

Bent er á að Fannborg er með leigusamning varðandi nýtingu lands í Kerlingarfjöllum og að sá samningur er dagsettur fyrir samþykkt Landsskipulagsstefnu og jafnframt fyrir gildistöku boðaðrar eigendastefnu, þannig væntir Fannborg þess að það sá skilningur ríki hvað eigendastefnu og þá jafnframt Landsskipulagsstefnu varðar, að ákvæði sem kunna að virka íþyngjandi varðandi framkvæmd ofangreinds leigusamnings, muni leiða til endurskoðunar á leigugjaldi. Fannborg telur eðlilegt að tekið sé á þessu atriði við gerð endanlegrar Eigendastefnu, þannig að óvissu sé eytt.

Að örðu leyti þá er bent á og gerðar athugasemdir við eftirfarandi atriði í texta stefnunnar:

Forsendur, síðasta málsgrein bls 7:

„Að lokum er gerður sá fyrirvari að þar sem þessari stefnu sleppir skal litið til annarrar stefnumótunar sem liggur fyrir á þessu sviði og þeirrar markmiðssetningar sem finna má í löggjöf á sviði umhverfisréttar og varðar með einum eða öðrum hætti stjórnun, nýtingu og verndun náttúru.“

Hér má benda á að stjórn völd kynna þessi misserin ýmis skjöl sem fjalla um stefnu þeirra hvað varðar ýmis málefni. Þar má nefna samgöngustefnu og stefnu um Loftslagsmál. Það væri eðlilegt að eigendastefnan tæki mið af og þróaðist í samræmi við slíka stefnumótun.

Mannvirki, markmið, upptalning atriða, bls 13:

- Við uppbyggingu sé þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst.
- Mannvirki falli sem best að umhverfi.
- Mannvirki rýri sem minnst víðerni, náttúrugæði hálendisins og önnur sérkenni.
- Mannvirkjagerð valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu eða hamli náttúrulegri gróðurframvindu á illa förnu landi.

Fannborg ehf – eigandi Hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum
Póstfang: Bollagarðar 6, 107 Seltjarnarnes, Ísland/Iceland
Tel: +354 664 7000 Email: pg@pg.is

Fannborg bendir á að upptalningin felur í sér eftirfarandi:

- I. Tilvísun í hugtakið „Óbyggðaupplifun“ án þess að skýrt sé hvað það þýðir, er umhugsunarefni og væri æskilegra að eigendastefnan skýrði við hvað er átt. Benda má á að Óbyggðaupplifun tekur ekki til eða tengist orðinu „**víðerni**“ né skilgreiningu á hvað telst víðerni. Það væri til bóta ef stefnan fjallaði um hvað nákvæmlega er átt við orðinu óbyggðaupplifun og í hvaða tilfellum þessi skerðing gæti komið fram, þegar horft er til mannvirkja eða þegar staðið er við þau eða inn í þeim sem dæmi.
- II. Tilvísun í það hvernig „mannvirki falli að landslagi“ er tilvísun í huglægt mat og ef til vill væri skynsamlegt að fella þennan punkt úr stefnunni.

Mannvirki, tilvik, liður 3, bls 14:

„Gera má ráð fyrir samfelldri ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann“.

Í ljósi þess að á Hálendismiðstöðvunum þremur er nánast samfelld viðvera allan veturinn og þar eru umtalsverð umsvif sem fara vaxandi, þá er það skoðun Fannborgar að það felist óþörf og marklaus takmörkun í orðunum „jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann“ og því beri að fella þau úr textanum.

Samgöngur, markmið, bls 15

- Vegaframkvæmdum sé haldið í lágmarki og möskvar vegakerfisins séu sem stærstir.
- Vegakerfi á hálendinu verði ekki umfangsmeira en nú er.
- Við uppbyggingu samgangna sé þess gætt að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna umferðar.
- Umferðarálagi sé dreift og fjölbreytni ferðamáta og umferðaröryggi tryggð.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að í þessari upptalningu felst ákveðin mótsögn, hér er bent á eftirfarandi atriði, sem lagt er til að verði hugleidd af þeim sem um stefnuna fjalla:

- Í fyrsta lagi þá fela vegaframkvæmdir jafnan í sér aukið öryggi þeirra sem um viðeigandi svæði eða veg ferðast, t.d. þegar vatnsföll eru brúuð eða almennt þegar vegir eða slóðar eru lagfærðir og gerðir greiðfærari. En í þessu samhengi er ekki eingöngu hægt að líta til öryggis þeirra sem ferðast, heldur þarf líka að hugleiða umhverfisöryggi og hvernig má lágmarka t.d. áhættu af því að bílar skemmist eða annars eigan tjóns og ekki síður að takmarka að mengun hljótist af, t.d. vegna olíuleka frá skemmdu ökutæki.
- Í öðru lagi þá vegir og vegaslóðar það til að safna á sig vatni vegna þess að jörð bælist og treðst í hjólförum, sem síðan leiðir til úrrennslis og almennt til veðrunarskemmda sem eru jafnan óafturkræfar, því getur það ekki talist sjálfbært sjónarmið að halda vegaframkvæmdum í lágmarki, fremur ætti það að vera markmið þess sem landsins gætir, að vegum og slóðum sé þannig við haldið að skemmdir eða ásýndarbreytingar á landi verði lágmarkaðar.

Samgöngur, Sjóarmið við ákvarðanatöku, bls 15:

„Ákvörðun um uppbyggingu vega, hönnun þeirra og annarra ferðamannaleiða taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða.“

Hér er bent á að einn meginþátta við ákvarðanatöku varðandi uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins á miðhálandinu ætti að vera samþætting við loftslagsáætlun Ríkisstjórnarinnar og þá hvernig megi að lágmarki gera skilgreinda stofnvegi og tengivegi að hálendismiðstöðvum, sem þá jafnframt eru tengivegir að eftirsóttum ferðamannastöðum þannig að þeir henti fyrir umferð rafbíla og almennt orkuhagkvæm ökutæki, eins og nýjustu hópferðabíla. Það getur tæpast samræmst nútímahugsun að vilja viðhalda stofnvegum á hálendinu

Samgöngur, Tilvik, bls 15:

„Einvörðungu skal byggja upp sem góða sumarvegi þá stofnvegi sem fyrir eru á hálendinu.“

Vísað er í fyrri athugasemd og lagt til að orðalagið breytist verði þannig:

„Einvörðungu skal byggja upp sem góða sumarvegi þá stofnvegi sem fyrir eru á hálendinu og tengivegi frá þeim að Hálendismiðstöðvum og fjölsóttum ferðamannastöðum“

Útivist, sjónarmið við ákvarðanatöku, bls 16:

- Mannvirki fyrir ferðafólk séu látlaus og að þau dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar.
- Til að viðhalda óbyggðakýrrð sé umferð vélknúinna ökutækja á landi eða í lofti á skilgreindum kyrrlátum svæðum sem ætluð eru til útivistar takmörkuð.
- Ferðafólki á vélknúnum farartækjum á landi og í lofti sé veittur aðgangur að fjölbreyttum svæðum til útivistar.

Það væri hjálplegt ef fyrsti punkturinn væri skýrður nánar, en í því samhengi þá er rétt að taka fram að mannvirki fyrir ferðafólk geta verið að mismunandi gerð, frá byggingum eða samgöngumannvirkjum að útsýnispöllum, göngubrúum eða girðingum til að takmarka umferð. Síðasti punkturinn þarfnast sömuleiðis útskýringar, ef verið er að gefa í skyn að til standi að takmarka vetrarumferð frá því sem nú er, þá er það mat Fannborgar að það gefi haft hamlandi áhrif á starfsemi Hálendismiðstöðva, og er þá vitnað í fyrri athugasemdir um ákvæði leigusamnings.

Með vinsemd og virðingu



Páll Gíslason
Framkvæmdastjóri
Fannborg ehf/ Kerlingarfjöll

Fannborg ehf – eigandi Hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum
Póstfang: Bollagarðar 6, 107 Seltjarnarnes, Ísland/Iceland
Tel: +354 664 7000 Email: pg@pg.is